



**37. fundur Heimastjórnar Fljótshéraðs  
haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins, Egilsstöðum, fimmtudaginn 6. júlí 2023  
og hófst hann kl. 13:00**

**Fundinn sátu:**

Vilhjálmur Jónsson formaður, Jóhann Gísli Jóhannsson aðalmaður, Björgvin Stefán Pétursson aðalmaður og Óðinn Gunnar Óðinsson skrifstofustjóri.

**Fundargerð ritaði:** Óðinn Gunnar Óðinsson, skrifstofustjóri

Í upphafi fundar óskað formaður eftir því að nýtt mál yrði tekið á dagskrá sem er Samráðsgátt. Drög að samgönguáætlun fyrir árin 2024 - 2038, og er það númer 7 á dagskránni. Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**Dagskrá:**

**1. 202302005 - Landbótasjóður 2023**

Málinu frestað til næsta fundar.

**2. 202207041 - Gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Stóruð og svæðið norðan Dyrfjalla**

Á fundinn undir þessum lið mætti Davíð Örvar Hansson, frá Umhverfisstofnun, sem fór yfir stöðuna á gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið norðan Dyrfjalla, sem var friðlýst sem landslagsverndarsvæði þann 2. júlí 2021 og Stóruð sem var friðlýst sem náttúruvætti.

Heimastjórn þakkar Davíð Erni fyrir kynningunna.

**3. 202206247 - Erindisbréf nefnda**

Til umfjöllunar eru tillögur, er skrifstofustjóri vann að ósk heimastjórnar Fljótshéraðs, varðandi leiðir til að auka skilvirkni við afgreiðslur umsagna og leyfisveitinga sem eru á borði heimastjórna.

Eftirfarandi var bókað á fundi byggðaráðs 27.6. 2023:

Samkvæmt tillögum í fyrirliggjandi minnisblaði samþykkir byggðaráð Múlapings að fulltrúa sveitarstjóra í viðkomandi kjarna verði veitt umboð til að veita umsagnir um rekstrarleyfi, sem og umsagnir er varða akstursþróttir og aksturskeppnir. Fulltrúi sveitarstjóra getur vísað afgreiðslu umsagnar til heimastjórnar telji viðkomandi það æskilegt.

Byggðaráð samþykkir að óska eftir umsögnum heimastjórna Múlapings varðandi tillögu byggðaráðs að breyttu fyrirkomulagi. Að lokinni yfirferð heimastjórna verði málið aftur tekið fyrir í byggðaráði.

Heimastjórn Fljótshéraðs gerir ekki athugasemd við afgreiðslu byggðaráðs.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.



**4. 202206186 - Viðhald girðingar Héraðsskóga, Skógræktarinnar, Vegagerðarinnar og Múlaþings frá Gilsá og inn í Egilsstaði**

Fyrir liggja minnispunktar um viðhald girðingar Héraðsskóga, Skógræktarinnar, Vegagerðarinnar og Múlaþings frá Gilsá og inn í Egilsstaði frá samtalsfundum sem heimastjórn Fljótshéraðs hélt með íbúum í apríl og maí síðast liðnum.

Á fundinn undir þessum lið mætti Margrét Ólöf Sveinsdóttir, verkefnastjóri umhverfismála.

Heimastjórn Fljótshéraðs þakkar Margréti fyrir góða yfirferð á málinu. Að öðru leyti lagt fram til kynningar.

**5. 202305086 - Girðingar í dreifýli og viðhald þeirra**

Fyrir liggja minnispunktar um girðingar í dreifýli og viðhald þeirra frá samtalsfundum sem heimastjórn Fljótshéraðs hélt með íbúum í apríl og maí síðast liðnum.

Á fundinn undir þessum lið mætti Margrét Ólöf Sveinsdóttir, verkefnastjóri umhverfismála sem fór yfir málefni girðinga í dreifbýli. Í máli hennar kom fram að nú er unnið að viðgerð á sauðfjárveikivarnargirðingu sem liggur úr Reyðarfirði um Sandfell yfir á Hérað. En girðingar sem þessar eru á vegum Matvælastofnunar.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**6. 202306189 - Umsagnarferli vegna umsóknar um rekstrarleyfi fyrir Inn í skóg ehf, Hallormstaður Shells., Vellir**

Fyrir liggur frá Sýslumanninum á Austurlandi beiðni um umsögn vegna umsóknar frá Mateusz Piotr Golda, kt. 3005924229, dagsett 28.6. 2023, um rekstrarleyfi til reksturs kaffihúss, veitingaleyfi - E leyfi, í Hallormsstaður Shells, Völlum, 701 Egilsstöðum.

Á grundvelli 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, 26. og 27. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 veitir heimastjórn Fljótshéraðs jákvæða umsögn um rekstrarleyfi til reksturs kaffihúss - E leyfi, að Hallormsstaður Shells, Völlum, 701 Egilsstöðum.

Heimastjórn staðfestir að starfsemin er í samræmi við byggingarleyfi og skipulagsskilmála og að lokaúttekt hafi farið fram, sbr. umsögn byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa. Jafnframt staðfestir heimastjórn að afgreiðslutími og staðsetning staðar sem umsóknin lýtur að er innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um. Þá staðfestir heimastjórn að kröfum um brunavarnir er fullnægt, sbr. umsögn Brunavarna á Austurlandi og að starfsemin er í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um matvæli, sbr. umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

Jafnframt samþykkir heimastjórn að afgreiðslutími áfengisveitinga verði frá kl. 8.00 til 21.00.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.



**7. 202306099 - Samráðsgátt. Drög að samgönguáætlun fyrir árin 2024 - 2038**

Fyrir liggur í Samráðsgátt til umsagnar drög að samgönguáætlun fyrir árin 2024 - 2038. Jafnframt liggja fyrir drög að umsögn sem unnin hefur verið af starfsfólki sveitarfélagsins og formönnum heimastjórnanna.

Heimastjórn Fljótsdalshéraðs tekur undir þá tillögu sem fyrir liggur í drögum að umsögn um samgönguáætlun 2024 til 2038.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:10**

